



# Fréttabréf Naustaskóla

2. tölublað, 10. árgangur, 2. febrúar 2017

Ábyrgðarmaður: Bryndís Björnsdóttir

*Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!*

## Opin vika

Önnur vika febrúar er opin vika en þá eru foreldrar sérstaklega hvattir til að kíkja við í skólanum og kynna sér starfið. Ekki er um neina sérstaka dagskrá að ræða heldur einmitt hugmyndin að hægt sé að fylgjast með venjulegu skólastarfi í Naustaskóla eins og það gengur fyrir sig í dagsins önn.

## Námsmöppurnar

Nú í febrúar sendum við heim matsmöppurnar í þriðja skiptið í vetur. Við biðjum foreldra um að fara vel í gegnum þær með nemendum og nota einnig tækifærið til að kíkja á stöðuna á námsmarkmiðunum á mentor.is. Og svo þarf auðvitað að muna eftir að skila möppunum aftur til baka í skólann :)

## Skákmót Naustaskóla.

Á dögnum var haldið skákmót Naustaskóla. Skákfélag Akureyrar stóð að þessu skákmóti fyrir nemendum í 3.- 6. bekk. Þátttakendur voru 22 og Ingólfur Árni Benediktsson úr 4. bekk, stóð upp sem sigurvegari og hlaut titilinn skámeistari Naustaskóla.

Í öðru sæti var Sölvi Steinn Sveinsson í 6. bekk og jöfn í 3—6. sæti urðu Heiðar Snær Barkarson, Telma Ósk Þórhallsdóttir, Elías Bjarnar Baldursson og Snæbjörn Þórðarsona, en þau eru öll í 6. bekk.

## Kæra skólasamfélag

Mig langar að færa ykkur þakkir fyrir gott samstarf það sem af er liðnum vetri. Góð viðbrögð foreldra við nýjum símareglum hafa hjálpað okkur starfsfólkinu mikið. Það er gaman að segja frá því að símamálin ganga vel og hafa nemendur og starfsfólk átt góða samvinnu við að fylgja þeim eftir. Við starfsfólkið erum líka þakklát fyrir allt hrósið sem foreldrar gáfu okkur í foreldraviðtölunum, og einnig þá gagnrýni og aðhald sem við einnig fengum. Við munum halda áfram að þróa vinnubrögð og kennsluhætti til að leitast við að mæta þörfum nemenda okkar sem best. Það gerum við með ýmsu móti, með reglulegum fundum og samtölum við foreldra, með teymisfundum kennara og reglulegum starfsmannafundum. Í byrjun febrúar koma Ingvar Sigurgeirsson frá menntavísindasviði Háskóla Íslands til að leiðbeina kennurum í þróunarverkefni sem við höfum verið að vinna að nú í vetur. Með kveðju Bryndís Björnsdóttir, skólastjóri



Þessir herra menn í 1. bekk láta fara vel um sig í álfafahöllinni sem 1. bekkur bjó til á dögnum. Núna eftir áramótin hafa þau verið að vinna í alfaþema í byrjendalæsi, sungin hafa verið álfalög og þau hafa heyrt um álfa og huldufólk. Einn morguninn voru meira að segja álfaspor á gólfinu á svæði 1. bekkjar.

**JÁKVÆÐUR AGI. Við ætlum að bjóða upp á annað foreldranám-skeið í Jákvæðum aga miðvikudaginn 15. febrúar og fimmtudaginn 22. febrúar kl. 17:00. Áhugasamir eru beðnir um að skrá sig hjá Kristjönu ritara fyrir 10. febrúar í síma 4604100**

## Hagnýtar upplýsingar varðandi mentor.is

Til að komast í Mentor ([www.mentor.is](http://www.mentor.is)) þarf að hafa aðgangsorð og lykilorð. Á Mentor má finna upplýsingar um nám nemenda, bekkjarlista, ástundun, verkefnabækur, dagbækur o.fl.

Inni á svæði foreldra er líka hægt að tilkynna veikindi (allt að tveimur dögum í einum) þannig að ekki þurfi að hringja að morgni til í skólann heldur fáði þið staðfestingu senda á netfangið ykkur þegar ritari hefur mótttekið beiðnina. Með þessu er t.d. hægt að skrá á miðvikudagskvöldi veikindi vegna fimmtudags.

Þeir sem ekki hafa aðgang að Mentor, eða eru búnir að gleyma aðgangsorðinu, geta leyst málið með því að fara inn á síðuna: [www.mentor.is](http://www.mentor.is) Þar er hægt að skrá sig inn í kerfið með notendanafni sem er kennitala án bandstriks. Sé viðkomandi ekki með lykilorð er smeltt á "Gleymt lykilorð". Þá fer af stað ferli sem viðkomandi er leiddur í gegnum og fær þá sent lykilorð í tölvupósti.

Ef allt kemur fyrir ekki er hægt að hafa samband við ritara skólans og fá sent lykilorð.

Nemendur eiga ekki undir neinum kringumstæðum að fara inn á vefinn með aðgangsorði foreldra sinna því þar birtast aðrar upplýsingar en á þeirra eigin spjaldi og þau eiga t.d. ekki að hafa aðgang að veikindaskráningu.

Nemendur eiga hins vegar sinn eigin aðgang sem þau geta notað til að skoða meðal annars heimavinnu. Á foreldra-spjaldi sést fyrir neðan mynd barnsins aðgangsorð og lykilorð. Endilega skrifið þau niður fyrir börnin ykkar og aðstoðið við að fara inná Mentor ef þau kunna það ekki nú þegar.

Nemendur geta breytt lykilorðinu sínu eins og foreldrar þegar skráð er inn í fyrsta sinn í kerfið.

---

## Nýir starfsmenn við Naustaskóla

Nokkrar breytingar hafa orðið í starfsmannamálum nú í byrjun febrúar. Andri Snær Stefánsson, umsjónarkennari í 6. –7. bekk verður í barnsburðarleyfi næstu tvo mánuði, hann kemur til okkar aftur í apríl og heldur síðan áfram í leyfi út maí. Í hans stað hefur verið ráðinn Kári Ellertsson. Magnús Jón Magnússon umsjónarkennari í 8. –10. bekk, lét af störfum 1. febrúar og sneri sér að veitingabransanum. Í hans stað kemur Íris Berglind Jónasdóttir, sem fram til þessa hefur kennt heimilisfræði í skólanum. Emilía Guðjónsdóttir tekur við heimilisfræðikennslunni og Birna Baldursdóttir kemur í 50% stöðu hennar í 4. –5. bekk. Heimir Örn Árnason lætur af störfum 1. mars og tekur þá við framkvæmdastjórn Golfklúbbs Akureyrar. Í hans stað hefur verið ráðin Paula Maria. Við kveðjum Heimi og Magnús með söknuði, óskum þeim velfarnaðar í nýjum störfum og bjóðum nýja fólki hjartanlega velkomnið.

---

## Forstofumál og fatahengi

Í lok janúar breyttum við skipulagi á forstofunum hjá 2. –5. bekk og 6. –10. bekk. Nýja forstofan sem ætluð var yngstu nemendunum reyndist of lítil fyrir þann hóp. Þessu aldurstigi fylgir mikið af hlífðarfatnaði og þegar á reyndi voru mikil þrengsl þegar um hundrað börn voru að klæða sig út í frímínútur. Því var brugðið á það ráð að færa þennan nemendahóp í forstofuna við aðalinngang og eldri nemendur í nýju forstofuna. Þessar breytingar hafa gefist mjög vel og nemendur yngsta stigs hafa nú nægt athafnarsvæði til að klæða sig, minna er um árekstra þeirra á milli og þau eru himinsæl með þessar breytingar. Eldri nemendur sem þurftu að flytja sig um set, hafa sýnt þessum breytingum skilning og umburðarlyndi.



---

## Ertu að taka til?

Við gleðjumst alltaf mjög þegar foreldrar koma færandi hendi með hluti sem er orðið ofaukið á heimilunum. Það er t.d. alltaf þörf fyrir púsluspil, kubba og hvers kyns leikföng í Frístund og á kennslusvæði neðri hæðarinnar. Við getum oft nýtt ýmis konar tímarit sem allir eru orðnir leiðir á heima fyrir, í textílmenntinni er alltaf eftirspurn eftir hvers kyns efniviði s.s. gardínum, rúmfötum, garni og mörgu fleiru. Svo er náttúrulega enn dálítið pláss á bókasafninu... :)

## Starfið á unglíngastíginu í Naustaskóla

### Vinnustaðaheimsóknir, nám og störf á Eyjafjarðarsvæðinu.

Á unglíngastíginu í vetur eru á stundarskrá smíðjutímar þar sem unnið er að ýmsum verkefnum.

Nú eftir áramótin og fram á vor verður þemað „**Vinnustaðaheimsóknir, nám og störf á Eyjafjarðarsvæðinu**“.

Viðfangsefnin eru fjölbreytt en miða öll að því að kynna mismunandi störf í samfélaginu fyrir nemendum. Í fyrstu tímum klipptu nemendur úr blöðum og tímaritum myndir og fyrirsagnir og útbjuggu eitthvað lýsandi í tengslum við fjölbreytileika starfa, kynjamun á vinnumarkaði eða hvað sem þeim datt í hug. Lögð var áhersla á að framsetning verk-efnanna yrði sem fjölbreyttust.

Í næstu tímum fengu nemendur kynningu á mismunandi störfum. Fulltúar ýmissa hópa úr atvinnulífinu komu á sal og kynntu störf sín fyrir nemendum. Þar næst miðluðu nemendur hugmyndum sínum um hvaða fyrirtæki þeir hefðu áhuga á að heimsækja og næstu tímar fram á vor munu fara í að kenna nemendum að taka viðtöl, útbúa viðtalsramma og kynna viðtölin fyrir samnemendum sínum. Að því loknu verða nemendur sendir í vinnustaðaheimsóknir þar safna þeir gögnum sem þeir greina, skrifa skýrslu með niðurstöðum og í lokin er ætlunin að útbúnir verði kynningarbásar, bæklingar og dreifibréf, þar sem nemendur koma niðurstöðum og kynningum sínum á framfæri. Spennandi verður að fylgjast með þessari skemmtilegu vinnu sem stendur til vors.



## Um myndatökur innan veggja skólans

Af gefnu tilefni erum við þessa dagana að skerpa á reglum um myndatökur innan skólans.

**Hvers kyns myndatökur, myndbandsupptökur og hljóðupptökur innan skólans eru háðar leyfi starfsmanns á staðnum hverju sinni (undantekning ef um er að ræða sýningar af einhverju tagi).**

Þessar reglur eiga að sjálfsögðu bæði við um nemendur og foreldra. Sem fyrr taka starfsmenn stundum myndir úr skólalastarfinu til að birta á heimasíðu, facebooksíðum námshópa o.s.frv. en ef einhverjir foreldrar vilja ekki að myndir birtist opinberlega af börnum þeirra biðjum við um að við séum látin vita af því, og munum þá að sjálfsögðu taka tillit til þess.

## Gjöf frá foreldrafélaginu

Skólanum hafa borist að gjöf borðtennisspaðar frá foreldrafélaginu. Þessari gjöf var vel fagnað af nemendum, enda mikill áhugi á að spila borðtennis inn í sal hvenær sem tækifæri gefst. Nemendur eru oft svo áhugasamir í borðtennis að oft reynist erfitt að fara heim þegar skóla lýkur. Við erum þakklát fyrir þessa höfðinglegu gjöf sem kemur að góðum notum.



## Febrúar 2017

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
31.			1. Grísnitsel, steiktar Kartöflur, gular baunir, gúrka og sveppasósa. Ávextir	2. Spaghettífiskur og salatbar. Ávextir Hundrað daga hátíð hjá 1. bekk	3. Makkarónusúpa, brauð og salatbar Ávextir. Dagur stærðfræðinnar	4.
5.	6. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og smjör. Ávextir.	7. Hakkabuff, kartöflur, gúrka og brún sósa. Ávextir. Opíð hús 8-10b	8. Ofnakaður fiskur, kartöflur, rifnar gulrætur og rækjuostasósa. Ávextir	9. Steiktur kjúklungur, kartöflubátar og tómakryddressing. Ávextir.	10. Skyr og brauð, álegg og salatbar. Ávextir	11.
12.	13. Ofnakaður fiskur í ostasósu, hrísgrjón og gúrka. Ávextir.	14.. Kjötbollur, kartöflur, grænar baunir, lauksósa. Ávextir. Opíð hús 8-10b	15. Steiktur fiskur., kartöflur, rifnar gulrætur og rækjuostasósa. Ávextir.	16. Lambapottrettur, Hýðishrísgrjón og salat. Ávextir	17. Skinkupasta, snitubrauð og salatbar Ávextir. Slæmur hárdagur	18.
19.	20 Kjötbúðingur, kartöflur, salat og piparostasósa. Ávextir.	21. Snakkfiskur, hvítlauksdressing og salatbar. Ávextir. Opíð hús 8-10b	22. Kjöt og karrý. Ávextir.	23 Ofnakaður fiskur í austurlenskri sósu, kúskús og salatbar Ávextir.	24. Hrísgrjónagrautur og slátur. Ávextir. Hvítur dagur Nemendadagurinn!	25.
26.	27. Fiskibollur, kartöflur, heit tómatsósa og gúrka. Ávextir. Bolludagur!	28. Saltkjöt og baunir Ávextir. Sprengidagur!	1. Öskudagur Vetrararfrí Frístund opin eftir hádegi.	2. . vetrarfrí Frístund opin eftir hádegi.	3. . Vetrarfrí Frístund opin eftir hádegi.	4.

Við minnum á opnu vikuna 6. - 7. febrúar - foreldrar hvattir til að kíkja við í skólanum!

**Einnig minnum við á vetrarfrí nemenda sem verður dagana 1.- 3. mars.  
(Frístund er opin eftir hádegi í vetrarfríinu fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir)**